



# Ársskýrsla um skólahald Menntaskólans á Ísafirði 2011



## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Hlutverk.....	3
Skipulag .....	3
Helstu viðburði í skólahaldinu .....	4
Markmið og stefna.....	1
Innritun nemenda.....	2
Nemendafjöldi, kennslumagn og brottfall .....	3
Námsframboð og skipting nema á brautir .....	4
Aðsókn í framhaldsnám á Vestfjörðum í ljósi sögunnar .....	7
Útskrift .....	9
Starfsmannahald .....	11
Sjálfsmat og eftirfylgni.....	13
Framkvæmd markmiða - Skólabragur.....	13
Þróunarverkefni og samstarf - „það vex eitt blóm fyrir vestan“ .....	19
Öryggismál.....	23
Fjármál og rekstur .....	25

---

## INNGANGUR

---

Í ársskýrslu þessari er farið yfir þau verkefni sem Menntamálaráðuneytið og stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði hafa gert samkomulag um og birtist í skólasamningi. Vinna við skólasamning milli Mennta- og menningamálaráðuneytis og Menntaskólans á Ísafirði fyrir næstu þrjú skólaárin er í sífelltri endurskoðun. Skólasamningurinn er mun viðameiri en áður og kveður á um helstu áherslur í starfsemi skólans og önnur mikilvæg atriði sem snerta þjónustu og rekstur skólans. Auk þess er hann umgjörð um samskipti og upplýsingamiðlun aðila.

Starfssemi skólans er lýst og áhersla lögð á birtingu tölulegra upplýsinga með samanburði við skólastarfið nokkur ár á undan.

---

## HLUTVERK

---

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautaskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Hlutverk Menntaskólans á Ísafirði er bundið í lögum þar sem tekið er mið af margþættum þörfum nemenda. Í fámennu samfélagi sem býr við landfræðilega einangrun er mikilvægt að hlutverk skólans taki einnig mið af þörfum samfélagsins. Menntaskólinn á Ísafirði er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og það er skólanum því kappsmál að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám bæði á bóknámsbrautum og á starfsnámsbrautum. Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Í skólastarfinu skal búa nemendur undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálfva þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar. Í skólanámskrá mótar skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar.

---

## SKIPULAG

---

Skipulag yfirstjórnar skólans skv. 1. grein reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007 er skilgreint í skólasamningi menntamálaráðuneytis og skólans. Skólanámskrá er stöðugt í endurskoðun fyrir hvert skólaár og vistuð á heimasíðu skólans <http://www.misa.is/skolanamsskra/>. Skipulag skólans hefur verið nær óbreytt í allmörg ár. Skólinn hefur bundið áfangakerfi sem þýðir að flestir áfangar eru annaðhvort í boði á haustönn eða á vorönn, fáir áfangar eru í boði báðar annir og sumir áfangar eru einungis í boði annað hvert skólaár. Með þessu fyrirkomulagi næst fram hámarksnýting í hópa. Út af þessu var þó brugðið frá haustönn 2004 til haustannar 2006 en þá voru flestir bóklegir áfangar í boði báðar annir. Áfangakerfið gerir nemendum kleift að hafa áhrif á námshraða sinn og kjósa margir nemendur að hraða námi sínu en öðrum hentar að fara hægar yfir. Skólaárið skiptist í tvær annir. Hvorri önn lýkur með jafn mikilvægu lokamati í hverjum áfanga. Skólaárið er nú skilgreint samkvæmt lögum frá 22. ágúst til 31. maí. Fjöldi kennsludaga árið 2011 voru 145 í samanburði við 150 árið 2010. Skólinn stefnir að því að því að minnka vægi lokaprófa og auka leiðsagnarmat enn frekar.

---

**HELSTU VIÐBURÐI Í SKÓLAHALDINU**


---

**Vorönn 2011**

Starf með nemendum 4. jan.-24. maí

1. kennsludagur 4. jan.-töflubreytingar

Árshátíð föstudaginn 4. febrúar

Miðannarmat sent út 17. feb.

Löng helgi 21.-22. feb.

Sólrishátíð 4. - 12. mars

Gróskudagar 9. - 11. mars

Valdagur 24. mars

Kosningavika 11.-14. apríl

Páskaleyfi 18. - 26. apríl

Síðasti kennsludagur /Dimission föstud. 6. maí

Vorpróf 9. - 18. maí.

Endurtekt /sjúkrapróf 18. maí

Prófsýning 19. maí

Útskrift og skólaslit, 28. maí

Starfsdagar kennara 25.-26. maí

<b>80</b>	<b>Kennsludagar</b>
<b>11</b>	<b>Prófadagar og annað</b>
<b>91</b>	<b>Samtals</b>

**Haustönn 2011**

Starfsdagar kennara 18. og 19. ágúst

Heimavist opnuð föstudag 19. ágúst

Starf með nemendum 22. ág.-19. des

Skólasetning og upphaf kennslu mánudag 22. ágúst

Miðannarmat sent út 12. október

Löng helgi 14.-17. október

Valdagur 27. október

Síðasti kennsludagur 30. nóvember

Haustpróf 1.-13. desember

Endurtekt og sjúkrapróf 14.-15. desember

Prófsýning 16. desember

Útskrift 17. desember

Skiladagur 19. desember

Jólaleyfi 20. des - 4. janúar

<b>73</b>	<b>Kennsludagar</b>
<b>13</b>	<b>Prófadagar og annað</b>
<b>86</b>	<b>Samtals</b>

<b>175</b>	<b>Alls á skólaárinu</b>
------------	--------------------------

## MARKMIÐ OG STEFNA

Markmið skólans eru birt í skólasamningi menntamálaráðuneytis og skólans og í skólanámskrá á heimasíðu skólans [www.misa.is](http://www.misa.is). Þar er einnig áætlun um hvernig skólinn muni framfylgja þeim. Að auki er skipurit skólans, jafnréttisáætlun og sjálfsmatsáætlun birt sérstaklega á heimasíðu hans.

Skólafundur var haldinn 3. nóvember með öllum starfsmönnum og nemendum skólans.



Skólameistari kynnti markmið og stefnu skólans ásamt sérstökum umbótum sem framkvæmdar hafa verið að undanförunni ásamt ýmsum öðrum sem eru í undirbúningi.



Stjórn nemendafélagsins kynntu það helsta sem framundan var hjá nemendafélaginu.



Forvarnarfulltrúi kynnti niðurstöður vinnuhópa um verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli sem haldið var meðal nemenda og starfmannna á vorönn.

## INNTRITUN NEMENDA

Skólinn hefur hingað til getað þjónað breiðum nemendahópi á þann hátt að sem flestir fá menntun við hæfi. Upptökusvæði MÍ eru norðanverðir Vestfirðir. Á vorönn var sérstök kynning fyrir grunnskólanema í 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum og var þeim þá boðið í skólann. Þar var námsframboð kynnt og húsakynni sýnd og stjórn nemendafélagsins kynnti félagslífið. .

Rafræn innritun í framhaldsskóla var tvískipt, þ.e. nemendur fæddir 1995 eða síðar og luku námi úr 10. bekk grunnskóla gátu sótt um skólavist frá 21. mars til 1. apríl. Þeir gátu síðan endurskoðað val sitt á tímabilinu 16. maí til 9. júní. Umsóknartímabil nemenda fæddra 1994 eða fyrr hófst 4. apríl og stóð til 31. maí. Innritun á starfsbrautir var ekki rafræn og henni lauk 28. febrúar. Nýnemar sem sóttu um skólavist voru 70 þar af tveir á starfsbraut. Umsóknir nemenda sem fæddir eru 1994 eða fyrr voru 37. Af 74 nemendum sem luku námi úr 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum sóttu 66 um skólavist við skólann.

Eftir valdag 24. mars og forinnritun nýnema í mars og apríl var áætlun gerð um áfanga í boði og hópafjölda. Síðan var kennsluskipting gerð og áætluð þörf fyrir dreifnám út frá hópastærðum. Kennsluskipting var síðan borin undir sviðstjóra og síðan kynnt fyrir einstökum kennurum. Nokkrir nemendur sækja alltaf um nám eftir að umsóknarfresti lýkur og eru þeir þá innritaðir ef pláss leyfir í hópum. Innritun í P-nám lauk þegar tvær vikur voru liðnar af upphafi vorannar og haustannar.

## NEMENDAFJÖLDI, KENNSLUMAGN OG BROTTFALL

Nemendahópurinn er að mestu af norðanverðum Vestfjörðum og hefur þessi hópur tæpast annan valkost. Skólinn verður því að vera með fjölbreytt námsframboð til þess að hver nemandi eigi raunverulega valkosti og notfæri sér það í samræmi við áhugamál sín og hæfileika. Á vorönn hófu 278 nám við skólann. Við upphaf haustannar Menntaskólans á Ísafirði töldust skráðir nemendur vera 308 en urðu 312 eftir töflubreytingar. Á heimavist voru skráðir 16 nemendur um miðjan september sem er aðeins meira en á sama tíma fyrir ári.

**Tafla 1. Kennslumagn, nýnemar, ársnemendur og brottfall dagskólanema 2003-2012**

Ár/Önn	Kest/viku Dagskóli	Kest/viku -Verknám	Kest/viku Dreifnám	Kest/viku Starfsbraut	Kest/viku Kvöldskóli	Samt. kest./viku	Yfirvinna klst/mán vegna kennslu	Kest/viku Grunnsk.-valor. í verknámi	Nýnemar í 10. b.	Innr. nýnemar	Heimtur nýnema %	Ársn. í dagskóla-efrir töflubreytingar	Ársnem. í próf	Brottfall úr áföngum í dagskóla
20031	544		0	94	64	702		0				276	249	9,8%
20032	572		0	72	62	706		0	97	81	84%	315	277	12,1%
20041	619		0	66	34	719		0				306	272	11,1%
20042	625		0	62	41	728		0	91	96	105%	337	284	15,7%
20051	634	136	0	62	36	732		0				311	298	4,2%
20052	677	142	0	55	46	778		0	80	83	104%	337	295	12,5%
20061	676	116	0	64	24	764		0				258	241	6,5%
20062	584	109	0	58	0	642		0	71	71	100%	293	276	5,8%
20071	593	131	26	65	0	684		0				267	236	11,9%
20072	578	155	27	61	19	685	530	0	80	54	68%	286	252	11,9%
20081	598	170	25	63	38	724	702	0				268	235	12,3%
20082	537	140	12	69	17	634	780	14	83	77	93%	271	249	8,1%
20091	517	161	13	64	28	622	628	14				274	240	12,4%
20092	556	140	18	43	12	629	656	16	87	84	97%	293	279	4,8%
20101	506	131	11	38	6	561	344	16				250	227	9,2%
20102	542	132	4	39	0	585	433	12	80	77	96%	295	273	7,5%
20111	502	135	6	38	6	552	89,6	0				255	236	7,5%
20112	512	132	4	78	4	598	109	0	74	70	91%	284	257	9,5%

Kennslumagn hefur verið skorið niður sem nemur um þremur stöðugildum frá árinu 2008 en frá þeim tíma hafa fjórir kennarar látið af störfum. Í stað þess að ráða nýja kennara var sú kennsla sem þessir kennarar sinntu færð á kennara sem fyrir voru. Yfirvinna hefur samt minnkað vegna hagræðingar á áföngum í boði. Þetta skýrir að mestu þann viðsnúning sem orðið hefur á rekstri skólans síðustu ár. Þrátt fyrir að yfirvinna sé nokkur þá virðist ekki hagkvæmara að fjölga

kennurum á kostnað yfirvinnu. Þvert á móti virðist hagkvæmara að hafa einhverja yfirvinnu og ráða stundakennara í einstakar greinar.

Minnkandi brottfall og aukin aðsókn nemenda hefur skilað fleiri ársnemendum en um leið hafa fleiri útskrifast.


## NÁMSFRAMBOÐ OG SKIPTING NEMA Á BRAUTIR

Skipting nema á námsbrautir er sýnd í töflu 2 og er miðað við stöðuna 15 október. Eins og áður eru margar námsbrautir í boði og eru allar brautir sýndar sem staðfest hefur verið af Menntamálaráðuneytinu að skólinn starfræki. Flestir eru á náttúrufræðibraut en það er í fyrsta skipti í langan tíma sem þeir eru fleiri en á félagsfræðabraut. Á almennri námsbraut voru 24 nemendur. Á starfsnámsbrautum voru 84 eða 28% en 14% nemanda eru á verknámsbrautum.

**TAFLA 2. SKIPTING NEMA EFTIR HÖFÐATÖLU Á NÁMSBRAUTIR 2007-2012.**

Skst.	Heiti námsbrauta	Haust 2007		Haust 2008		Haust 2009		Haust 2010		Haust 2011	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
AN	Alm. námsbraut	53	15,0%	49	13,9%	52	15,4%	43	13,8%	24	7,9%
FÉ	Félagsfræða-braut	85	25,0%	97	27,6%	81	24,0%	112	36,0%	98	32,5%
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	6	2,0%	7	2,0%	2	0,6%	3	1,0%	0	0,0%
NÁ	Náttúrufræðibraut	56	16,0%	62	17,6%	67	19,9%	62	19,9%	102	33,8%
VSS	Viðbót til stúdentsprófs	1	0,0%	2	0,6%	3	0,9%	3	1,0%	1	0,3%
SB	Starfsbraut	5	1,0%	8	2,3%	5	1,5%	5	1,6%	6	2,0%
SJ	Sjúkraliðabr.	21	6,0%	20	5,7%	22	6,5%	19	6,1%	16	5,3%
GR	Grunndeild rafiðna	1	0,0%	4	1,1%	1	0,3%	0	0,0%	0	0,0%
MG	Grunnnám málmíðngr.	11	3,0%	15	4,3%	13	3,9%	9	2,9%	12	4,0%
SM8	Stálmíði -	10	3,0%	4	1,1%	10	3,0%	0	0,0%	1	0,3%
VS8	Vélvirkjun	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	2	0,7%
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	3	1,0%	8	2,3%	3	0,9%	1	0,3%	1	0,3%
HÚ8	Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut	10	3,0%	14	4,0%	6	1,8%	6	1,9%	8	2,6%
HÚ9	Húsasmíði - samningsbundið iðnnám	7	2,0%	1	0,3%	12	3,6%	4	1,3%	4	1,3%
MEI	Almennt iðnmeistaránám	18	5,0%	10	2,8%	9	2,7%	3	1,0%	0	0,0%
VVA	Vélstjóranám A-stig	30	9,0%	15	4,3%	25	7,4%	29	9,3%	19	6,3%
VVB	Vélstjóranám B-stig	0	0,0%	10	2,8%	3	2,7%	1	0,3%	11	3,6%
HG	Hársnyrtiðnbraut	10	3,0%	6	1,7%	12	3,6%	10	3,2%	15	5,0%
STÚ	Samfélagstúlkun	17	5,0%	20	5,7%	5	1,5%	1	0,3%	0	0,0%
	Samtals höfðatala:	344		352		331		311		320	
	<b>Verknámsbrautir</b>	40	12%	31	8,8%	40	12,1%	40	12,9%	45	14,1%





*Hlutfallsleg skipting nema eftir höfðatölu á námsbrautir haustið 2011.*

Dræm aðsókn á einstakar brautir og þá aðallega iðn- og verknámsbrautir hefur leitt til þess að skólinn hefur orðið að fella niður brautir tímabundið eins og staðreyndin hefur verið með matartækninám og grunndeild rafiðna sem hefur ekki verið starfrækt í sex ár.

#### SKÓLAKÓRINN

Skólakórinn var áfram undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur. Um 20 nemendur hafa verið í kórnum. Skólakórinn kom fram við ýmis tækifæri eins og útskriftarathafnir. Skólakór er táknrænt merki um góðan skólabrag og vonandi mun kór MÍ eflast enn frekar á komandi árum.



*Kór MÍ undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur flutti tónlist við útskriftarathöfn .*

AFREKSÍÞRÓTTIR



*Nemendur á afreksíþróttabraut ásamt Hermanni Níelssyni sviðstjóra íþróttageina og þjálfurum .*

Frá 2006 hefur Menntaskólinn á Ísafirði boðið nemendum sínum afreksþjálfun í knattspyrnu, körfuknattleik, handknattleik, sundi, skíðum, glímu, hestaþróttum og sundi fatlaðra. Þjálfunin fór fram þrisvar í viku að mestu utan stundaskrár skólans eldsnemma morguns.



*Nemendur í þjálffræði ásamt Hermanni Níelssyni íþróttakennara*

Þjálfarar íþróttafélaganna annast í Ísafjarðarbæ kennsluna ásamt íþróttakennara skólans. Allir nemendur á afreksíþróttabraut MÍ æfa einnig með íþróttafélögunum og keppa fyrir þau og stefna jafnframt að hámarksárangri í sinni íþróttagrein. Námið er nemendum að kostnaðarlausu. Hermann Níelsson, sviðsstjóri íþróttanna við Menntaskólann á Ísafirði hefur umsjón með starfi afreksíþróttabrautar skólans og skipuleggur það. Afreksíþróttabraut MÍ fékk umfjöllun í hinum vinsæla sjónvarpsþætti Landanum. Gísli Einarsson ritstjóri þáttarins kom til Ísafjarðar og var viðstaddur morgunæfingar okkar efnilega íþróttafólks í íþróttahúsinu á Torfnesi og í Sundhöll Ísafjarða.


#### BJÖRGUNARMAÐUR I

Skólinn bauð áfram upp á valgreininna Björgunarmaður. Námið er skipulagt í samvinnu við Björgunarskóla Íslands og björgunarsveitir á norðanverðum Vestfjörðum.

#### ÆÐSÓKN Í FRAMHALDSNÁM Á VESTFJÖRÐUM Í LJÓSI SÖGUNNAR

Menntaskólinn á Ísafirði er ein mikilvægasta þjónustustofnun byggðarlagsins sem gengt hefur lykilstöðu í atvinnu- og menningarlífi Ísafjarðar og nágrennis. Fjölbreytt námsframboð, gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu ásamt fjölbreyttu og öflugum atvinnulífi og atvinnutækifærum og góðar samgöngur milli þéttbýliskjarna eru þeir þættir sem ráða mestu um búsetuval.

Athyglisvert er að skoða aðsókn að framhaldsnámi á Vestfjörðum í ljósi sögunnar eins og sýnt er hér með myndrænum hætti. Þá er einnig athyglisvert hve kennslumagn hefur dregist mikið saman á allra síðustu árum án þess að nemendum hafi fækkað.



Breyting á nemendafjölda í MÍ frá 1973 þegar skólinn er fullsetinn með fjóra árganga. Margir þættir hafa haft áhrif á aðsókn að skólanum og námsframboði og eru nokkrir þeirra hafðir með á grafinu.

Á vef Byggðastofnunnar er athyglisverð grein eftir Þórodd Bjarnason prófessors í félagsfræði við Háskólann á Akureyri og stjórnarformann Byggðastofnunar. Þóroddur svarar þeirri spurningu hvort fólksfjölgun sé möguleg á landsbyggðinni og segir „Þéttbýlið á suðvesturhorni landsins hefur raunar um rúmlega tveggja alda skeið notið markvissrar og samfelldrar byggðastefnu sem borið hefur ríkulegan ávöxt. Þessi byggðastefna hófst fyrir alvöru í upphafi nítjándu aldar með skipulögðum flutningi allra helstu menningar- og valdastofnana landsins til Reykjavíkur en náði veldisvexti á tuttugustu öld. Þannig hefur landsmönnum tekist að byggja Reykjavík upp sem þá miðstöð stjórnáslu, fjármála, viðskipta, fjölmíðla, menntunar og menningarstarfs sem Jón Sigurðsson taldi til dæmis eina meginforsendu sjálfstæðrar þjóðar. Að því markmiði uppfylltu er tímabært að huga að nýrri byggðastefnu sem fært getur slík gæði til allra landsmanna“. Fólksfækkun á Vestfirðum frá 1990 er ríflega 25% en á þessu tímabili varð þó nokkur fjölgun nemenda í MÍ. Nemendum fjölgaði verulega við skólann eftir 1995 en það var einmitt árið sem samgöngubætur fengust með opnun jarðganganna undir Breiðadals- og Botnsheiðar. Nemendum skólans hefur farið fækkandi að undanfögnu. Ef fer fram sem horfir með íbúapróun mun skólinn eiga sífellt erfiðara með að uppfylla hlutverk sitt og það markmið að bjóða upp á fjölbreytt nám með sérstaka áherslu á verknám og geta þannig fengið til sín nær alla nemendur sem útskrifast úr grunnskólum á norðanverðum Vestfirðum og að auki frá öðrum svæðum.

## ÚTSKRIFT



Útskriftarnemar ásamt stjórnendum skólans í Ísafjarðarkirkju 28. maí 2011 Menntaskólanum á Ísafirði var slitið í 41. sinn við hátíðlega athöfn í Ísafjarðarkirkju laugardaginn 28. maí sl. Þá voru 57 nemendur brautskráðir frá skólanum. Tveir nemendur luku námi í förðunarfræði og átta luku A-námi vélstjórnar. Þrír nemendur luku B-námi vélstjórnar, tveir stálsmiðir voru brautskráðir og þrír vélvirkjar. Einnig luku tveir sjúkraliðar námi og einn iðnmeistari í rafvirkjun var brautskráður. Einn nemandi brautskráðist af starfsbraut og 33 nemendur luku stúdentsprófi. Hefur skólinn þar með brautskráð 65 nemendur á skólaárinu. Fjölmörg verðlaun voru veitt nemendum við athöfnina fyrir góðan árangur og ástundun í námi. Við athöfnina söng kór MÍ undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Guðmundsdóttur nokkur lög og Bára Jónsdóttir nýstúdent lék einleik á píanó. Einnig fluttu fulltrúar afmælisárganga ávörp og færðu skólanum gjafir.



Útskriftarveisla var í íþróttahúsinu um kvöldið og voru þar um 230 gestir. Kór MÍ flutti þar mjög skemmtilegan söngleik og útskriftarnemar voru með skemmtiatriði ásamt afmælisárgöngum. Halldór Smáráson lék á píanó undir borðhaldi eins og hann hefur gert frá 15 ára aldri en hann spilaði svo einnig með hljómsveitinni Húsinu á sléttunni í fjörugum og samfelldum dansleik sem stóð til kl.02.00



*Útskriftarnemar ásamt stjórnendum skólans í Ísafjarðarkirkju laugardaginn 17. desember*

Laugardaginn 17. desember voru 14 nemendur brautskráðir frá skólanum í Ísafjarðarkirkju. Tveir útskrifuðust sem vélaverðir smáskipa og þrír sem sjúkraliðar. Úr A námi vélstjórnar útskrifaðist einn nemandi og einnig útskrifaðist einn vélvirki. Sjö luku stúdentsprófi, sex af félagsfræðabraut og einn sjúkraliði lauk viðbótarnámi til stúdentsprófs.

## STARFSMANNNAHALD

Við Menntaskólann á Ísafirði voru um 32 manns í heilum stöðum við kennslu og stjórnunarstörf. Kennarar við skólann eru að jafnaði 30 að meðtöldum stundakennurum eða kennurum í hlutastöðum. Í töflu 3 er sýndur fjöldi og kynjaskipting starfsmanna frá haustönn 2008.

Tafla 3. fjöldi og kynjaskipting starfsmanna frá haustönn 2008

	H08	V09	H09	V10	H11
<b>Konur</b>	18	19	15	16	16
<b>Karlar</b>	21	23	21	22	18
<b>Alls:</b>	<b>39</b>	<b>42</b>	<b>36</b>	<b>38</b>	<b>34</b>

Þorsteinn Þorsteinsson sem kennt hefur íslensku og ensku fékk launalaust leyfi frá 1. ágúst 2011 en ekki var ráðið í hans stað heldur var kennslu hans bætt á fimm kennara. Guðmundur Einarsson lét af störfum við skólann vegna aldurs í ágúst. Guðmundur hóf störf við skólann haustið 1989 sem vélstjórnarkennari og sviðstjóri vélstjórnardeildar. Auk þess var hann í hálfri stöðu sem skólustjóri Farskóla Vestfjarða frá 1989 til 1999 en þá tók Fræðslumiðstöð Vestfjarða við hlutverki Farskólans. Guðmundur hefur starfað við skólann samfelld í 22 ár, lengur en nokkur annar starfsmaður skólans. Þá lét Guðmundur Óli Lyngmo af störfum sem kennari vélstjórnargreina en við tók Hermann Vernharður Jósefsson. Pétur Jónasson kenndi vélvirkjun og lagði til aðstöðu í fyrirtæki sínu Þrym. skólanum að kostnaðarlausu. Dóróthea Einarsdóttir raungreuna- og stærðfræðikennari fór í fæðingarorlof í júní. Í stað Dórótheu koma Guðjón Torfi Sigurðsson kerfisfræðingur og Ólafur Jens Sigurðsson eðlisfræðingur.

Vegna tveggja nemenda sem innrituðust á starfsbraut 4 var Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir ráðin í fullt starf sem þroskaþjálfari á starfsbraut. Auk Sólveigar voru ráðnir tveir stuðningsfulltrúar þær Jónína Eyja Þórðardóttir og Sigríður Karlsdóttir samtals í 1,5 stöðugildi.

Stella Hjaltadóttir var ráðin sem forvarnarfulltrúi við skólann við upphaf haustannar. Friðgerði Ómarsdóttur sem var ráðin í þá stöðu einnig við upphaf haustannar. Upplýsingatæknistjórnun er í höndum eins kennara og fékk hann 1 tíma á viku ofaná launin vegna þessara starfa sem felast fyrst og fremst í að leiðbeina kennurum. Fjármálastjóri sá um að halda utan um allar fartölvur skólans og koma þeim í viðgerð eftir þörfum.

Eftirtaldir sviðstjórar voru endurráðnir til tveggja ára frá 1. ágúst 2011:

Emil Ingi Emilsson, starfsbraut  
 Hermann Níelsson, íþróttagreinar  
 Hildur Halldórsdóttir, raungreinar og sjúkraliðagreinar  
 Hrafnhildur Hafberg, íslenska  
 Jóhann Kristjánsson, stærðfræði og viðskiptagreinar  
 Margrét Skúladóttir, hárið- og snyrtigreinar  
 Rúnar Helgi Haraldsson, samfélagsgreinar  
 Stefan Gunther, erlend tungumál  
 Tryggvi Sigtryggsson, málmiðngreinar og vélstjórnargreinar  
 Þröstur Jóhannesson, tréiðngreinar

Heimavistarvarsla var áfram höndum Hreins Þorkelssonar. Hugljúf Ólafsdóttir sá um matseld í mötuneyti skólans eins og mörg undanfarin ár. Vegna aukinnar aðsóknar í mötuneytið þurfti að bæta einum starfsmanni við á haustönn. Katrín Gunnarsdóttir var áfram bókaforður og Páll Gunnar Loftsson var húsvörður.

*Tafla 4. Stöðugildi í MÍ frá haustönn 2008 og áætlun til haustannar 2012*

	20082	20091	20092	20101	20102	20111	20112	20121	20122
Skólameistari	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Aðstoðarskólameistari	0,75	0,75	-	0,42	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75
Áfangastjóri	0,75	0,75	1	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75
Staðgengill aðstoðarskólam.	-	-	-	0,25	-	-	-	-	-
Fjármálastjóri	0,3	0,3	0,3	1	1	1	1	1	1
Fjármálafulltrúi	0,7	0,7	0,7	0,08	-	-	-	-	-
Námsskrárstjóri	0,5	0,5	0,5	0,25	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5
Náms- og starfsráðgjöf	1	1	1	0,9	1	1	1	1	1
Kennsla	26,4	26,4	25,3	23,4	24,4	23,5	23	22,1	21,7
Upplýsingatæknistjóri	1	0,31	0,31	0,33	0,03	0,05	0,05	0,05	0,05
Félagsmálastjóri	0,13	0,13	0,03	0,03	0,03	0,03	0,07	0,07	0,07
Forvarnarfulltrúi	0,13	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,07	0,07	0,07
Stuðningsfulltrúi + ADL	-	0,5	-	0,25	-	-	1,5	1,5	1,5
Proskapjálfi	-	-	-	-	-	-	1	1	0,75
Bókavörður	1	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75
Ritari	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Húsvörður	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Ritun sögu MÍ	0,33	0,33	0,08	-	-	-	-	-	-
Heimavistarvarsla	0,5	0,5	0,3	0,35	0,35	0,35	0,35	0,35	0,35
Verkefnisstjórn/Ungt fólk utan skóla	-	-	-	1	-	-	-	-	-
Ræsting <sup>1)</sup>	3,09	3,09	3,09	2,73	2,73	2,73	2,75	2,75	2,75
KÍ-stöðugildi	31,7	30,6	28,9	26,8	28,2	27,3	27	26,1	25,7
Samtals stöðugildi	39,6	39,0	36,4	35,5	35,3	34,4	36,5	35,6	35,0

1) Ræsting er að mestu unnin sem verktakavinna.



## SJÁLFSMAT OG EFTIRFYLGNI

---

Í skólasamningi 2010-2012 er í öðrum kafla samningsins getið um stefnu, markmið og og sjálfsmat. Ítarleg skýrsla um sjálfsmat er á [heimasíðu skólans](#). Sérstök umbótaáætlun var unnin af sviðstjórum í desember 2011 og lögð fyrir kennarafund 4. janúar 2012 þar sem hún var samþykkt. Sérstök sjálfsmatsáætlun er gerð til þriggja ára og birt á [heimasíðu skólans](#).

## FRAMKVÆMD MARKMIÐA - SKÓLABRAGUR

---

### FORVARNARSTARF

Í Menntaskólanum á Ísafirði er skipulega unnið að forvörnum með það að markmiði að leiða nemendur á braut hollra lífshátta og heilbrigðs félagslífs. Árið 2011 gegndi Stella Hjaltadóttir hlutverki forvarnarfulltrúa og í ágúst tók Friðgerður Guðný Ómarsdóttir við hlutverki félagsmálafulltrúa af Hrafnhildi Hafberg. Forvarnastefna skólans, markmið og leiðir til framkvæmda eru birtar í skólanámskrá á [heimasíðu skólans](#).

### HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI



Menntaskólinn á Ísafirði er heilsueflandi framhaldsskóli og er forvarnarfulltrúi skólans verkefnisstjóri. Á starfsdögum þann 25. og 26. maí fengu starfsmenn fræðslufyrirlestur frá næringarfræðingi í tengslum við verkefnið „Heilsueflandi framhaldsskóli.“ Á vorönn var unnið að undirbúningi næringarhlutans sem síðan var tekinn inn á haustönn. Verkefnið hefur farið vel af stað og marga nýjungar litið dagsins ljós: Matseðill mötuneytisins var endurskoðaður þar sem

áhersla var lögð á að auka fiskmeti og hafa áfram grænmetisbar í hádeginu. Boðið er upp á ókeypis hafragraut á morgnana og nemendur geta fengið keypt í mótuneytinu svokallað búst í löngu frímínútum. Þá var settur upp vatnsbrunnur á neðri hæð skólans til að auðvelda nemendum aðgengi að einstaklega góðu lindarvatni sem kemur dauðhreinsað úr berggrunninum þar sem það steypist í fossi inn í jarðgöngin undir Breiðadals- og Botnsheiðar.

#### LÍFSLEIKNI

Stór hluti forvarnarstarfsins fer fram í lífsleiknitímum þar sem lífsleiknikennarar taka á hinum ýmsu málefnum og fá til liðs við sig góða gesti. Þrír kennarar skiptu kennslunni jafnt með sér og sá hver um ákveðna málaflokka. Þetta fyrirkomulag tókst afskaplega vel. Nokkrir fyrirlesarar komu í tíma á þessu kennsluári til þess að fræða nemendur. Fulltrúar frá Ástráði félagi læknanema komu í heimsókn og voru með kynfræðslu fyrir nemendur. Hlynur Snorrason fulltrúi VáVest hópsins kom með fyrirlestur um skaðsemi kannabisefna. Föstudaginn 11. febrúar á 112 deginum komu Harpa Guðmundsdóttir iðjuþjálfari og og Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur, fulltrúar frá RKÍ á Ísafirði í skólann og kynntu sálrænan stuðning á sal.

#### FORELDRASAMSTARF

Árlegur kynningarfundur fyrir foreldra og forráðamenn nýnema var haldinn í fyrirlestrasal skólans mánudaginn 29. ágúst. Stjórnendur skólans og starfs- og námsráðgjafar kynntu skólastarfið og einnig var kynning á niðurstöðum Rannsóknar og greiningar á högum og líðan ungs fólks. Umsjónarkennarar nýnema sögðu frá kennslu í lífsleikni og kynntu nýnemaferðina. Stjórn nemendafélagsins kynnti félagslíf nemenda.

#### FÉLAGSLÍF

Ný nemendafélagsstjórn tók við á vormánuðum. Stjórnin hefur unnið vel með skólastjórnendum og öðrum sem koma að félagslífi nemenda. Nemendur hafa haldið hvern stórviðburðinn á fætur öðrum, eins og glæsilega árshátíð og viðburðaríka dagskrá á Sólrishátíð og söngkeppni, þar sem ungmenni komu saman og skemmtu sér greinilega vel. Nemendafélaginu var vel stýrt og vel var haldið utan um allar fjárreiður þess. Framkoma nemenda á ýmsum viðburðum hefur almennt verið til fyrirmyndar hvað varðar skólasókn og reglusemi í samskiptum sínum við skólann.



Sólarkaffi 27. janúar í boði skólans og 3ja árs nemenda.

Sólrisuhátíð hófst 4. mars og stóð til 13. mars. Þar var að vanda margt viðburða en hæst bar uppsetning leikfélags skólans á leikritinu Grænjaxlar eftir Pétur Gunnarsson í leikstjórn Halldóru Björnsdóttur. Á sólrisuhátíð voru að þessu sinni þrír gróskudagar þar sem hefðbundið skólastarf var brotið upp og nemendur og kennarar störfuðu saman í fjölbreyttum smiðjum, allt eftir áhugasviðum hvers og eins. Meðal þess sem var í boði var golfkennsla, sjósund, meðferð björgunarbáta, gönguskíðakennsla, matreiðsla, tónlistarsmiðja, efnafræðitilraunir, félagsvist, víkingaskák og margt fleira.

Nokkur skólaböll voru haldin: á árshátíð, Sólrisuball, Busaball og 1. des. hátíð, ball eftir söngvakeppni sem var undankeppni fyrir stóru keppnina. Gæsla á böllum var í höndum tveggja kennara og að auki var yfirleitt óeinkennisklædd lögregla á staðnum og lögreglan var á vaktinni fyrir utan. Hefur þetta samstarf við lögreglu gefist afar vel.

Nemendur á starfsbraut hafa verið iðin og áhugasöm að taka þátt ekki bara í félagslífinu innan skólans heldur einnig meðal starfsbrauta á öllu landinu. Nemendur á starfsbraut tóku þátt í Stuttmyndakeppni starfsbrauta í framhaldsskólum sem haldin var í Borgarholtsskóla 14. apríl. Þetta var í fyrsta skiptið sem þeir tóku þátt í slíkri keppni. Frækileg frammistaða nemenda á starfsbraut vakti athygli. Í umsögn dómnefndar, sem skipuð var þremur leikstjórum, segir m.a. að myndin hafi verið frumleg og fyndin og að leikarar hafi sýnt mikil tilþrif. Kristján Viggósson enskukennari sá um að velja efni myndarinnar í samráði við nemendur og leikstjórn var einnig í höndum hans. Hreinn Þórir Jónsson og Einar Bragi Guðmundsson, sem báðir eru nemendur í skólanum, tóku upp myndina og klipptu hana til sýningar. Það voru alls 16 skólar sem tóku þátt í keppninni. Í fyrsta sæti var framlag Fjölbrotaskólans í Garðabæ og í þriðja sæti varð Verkmenntaskólinn á Akureyri.



*Nemendur á starfsbraut tóku þátt í Stuttmyndakeppni starfsbrauta í framhaldsskólum*

Tveir nemendur Menntaskólans á Ísafirði þær Kristín Þorsteinsdóttir og Emilía Arnþórsdóttir kepptu á Special Olympics sem haldnir voru í Aþenu í Grikklandi 25. júní -4. júlí. Þær kepptu báðar fyrir hönd Íþróttafélagsins Ívars. Árangur þeirra var með eindæmum góður. Kristín vann til silfurverðlauna í 100 m skriðsundi og Emilía varð í fjórða sæti í boccia.

Skólinn tók þátt í söngvakeppni framhaldsskóla, Morfís og Gettu betur. Fyrstu umferð Gettu betur lauk föstudagskvöldið 4. febrúar. Lið MÍ sem var skipað þeim Daníel Rafni Kristjánssyni, Gauta Geirssyni og Hallberg Brynjari Guðmundssyni bar þar sigurorð af liði Verkmenntaskólans á Akureyri. MÍ-ingar fengu 17 stig en lið VMA 9.

Lið Fjölbrautaskóla Suðurnesja sótti MÍ-inga heim þegar fram fór fyrsta MORFÍS keppni vetrarins. Eftir að dómamarar höfðu tekið sér langan tíma til að skera úr um úrslitin var ljóst að MÍ hafði sigrað keppnina. Ræðumaður kvöldsins kom hinsvegar frá FS, Arnar Már Eyfells. Lið MÍ er því komið áfram í 16 liða úrslit og verður næsta keppnin í desember og þá mæta MÍ-ingar liði FB. Í MORFÍS liði skólans eru að þessu sinni þau Berglind Halla Elíasdóttir, Gauti Geirsson, Ísak Emanúel Róbertsson og Tómas Ari Gíslason.

Föstudaginn 25. febrúar var söngkeppni MÍ haldi í Íþróttahúsinu á Torfnesi. Fjöldmörg atriði kepptu um hylli dómnefndar og um það hvert þeirra yrði fyrir valinu sem fulltrúi MÍ á söngkeppni framhaldsskólanna á Akureyri í apríl. Niðurstaðan varð sú að Hermann Óskar Hermannsson varð í fyrsta sæti með lagið Situation eftir Bigga Bix. Í öðru sæti varð Agnes Ósk Marzellíusardóttir en sönghópur skipaður þeim Ásgeiri Guðmundi Gíslasyni, Freysteini Nonna Mánasyni, Magnúsi Traustasyni, Ómari Hólm og Valtý Þórarinssyni varð í 3. sæti. Húsbandið lék undir í flestum lögum og stóð sig frábærlega en það skipuðu Andri Pétur Þrastarsson á gítar, Aron Elmar Karlsson á bassa, Freysteinn Nonni Mánason á trommur og Sunna Karen Einarsdóttir á hljómborð. Umgjörð

keppninnar var hin glæsilegasta og má þakka það framkvæmdastjóra keppninnar Hermanni Siegle Hermannssyni og aðstoðarmönnum hans.

Framkvæmd Gróskudaga, en svo kallast óhefðbundnir kennsludagar í Sólrísvíkunni, tókst mjög vel, enda lögðust allir á eitt, nemendur, kennarar og starfsfólk skólans auk sjálfboðaliða í bænum.



Róðrakeppni var haldin 22. september í blíðskapar veðri. Keppt var á sjókajakum eins og á síðasta ári, en þetta er í 11. sinn sem róðrakeppni keppnin fer fram. Að þessu sinni mættu 9 lið til leiks og er það einu liði fleira en í fyrra.



Hin árvissa nýnemaferð var farin í Dýrafjörð og Arnarfjörð dagana 1. og 2. september. Markmið ferðarinnar er að þjappa nýnemum saman og hafa gaman. Lífsleiknikennarar skólans fóru með í

ferðina. Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri í Arnarfirði var heimsótt. Síðan var ekið að Núpi í Dýrafirði þar sem gist var um nóttina. Nýnemar fengu fræðslu og leiðsögn um Núpsskóla og garðinn Skrúð. Haldin var kvöldvaka og stjórn NMÍ mætti til að kynna félagslíf skólans fyrir nýnemum. Daginn eftir var ratleikur og svo var haldið til baka um hádegisbilið.

#### STUÐNINGUR VIÐ NÝBÚA

Nemendur með annað móðurmál en íslensku fengu sérstakan stuðning í MÍ. Nemendur sem eru af erlendum uppruna eða hafa búið lengi erlendis taka sértaka íslensku svokallaða ÍSA áfanga sem er íslenska sem annað móðurmál. Einstaka nemendur fara síðan í hægferðaráfanga í íslensku.

#### HEIMSÓKNIR



*Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson ásamt nemendum í hússasmíði.*

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson heimsótti skólann í byrjun nóvember. Í fylgd með forsetanum voru forsetaritari og fulltrúar frá samtökum iðnaðarins. Tilgangur heimsóknarinnar var fyrst og fremst að ræða við nemendur og starfsfólk um tengsl náms og atvinnulífs og þau fjölbreyttu störf sem standa til boða í hinum ýmsu greinum iðnaðar. Forsetinn ávarpaði nemendur og vakti meðal annars athygli á mikilvægi verknáms og að skil á milli þess og bóknáms væru of mikil. Gestirnir lýstu ánægju sinni með það gróskumikla starf sem fram fer í skólanum og þau miklu og góðu tengsl sem skólinn hefur við atvinnulíf og fyrirtæki í bænum.

---

**ÞRÓUNARVERKEFNI OG SAMSTARF - „ÞAÐ VEX EITT BLÓM FYRIR VESTAN“**

---

Í auknum mæli hefur skólinn hafið samstarf við skóla og stofnanir með það markmið að stuðla að markvissri framþróun í starfsemi hans.

**VINNA VIÐ NÁMSKRÁRGERÐ OG INNLEIÐINGU FRAMHALDSSKÓLALAGA**

Þann 8. desember 2008 hófst samstarf Menntaskólans á Ísafirði, Fjölbrautarskóla Norðurlands Vestra og Verkmenntaskóla Austurlands. Seinna bættist svo Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum við samstarfshópinn (sem í daglegu tali kallast VÍSASAUÐNES).

Samstarfsskólarnir fengu tvo styrki í sérstök samstarfsverkefni: Annar styrkurinn er til að undirbúa skipulagningu á tveggja ára framhaldsbrautarnámi tengt nýsköpun. Skilyrði fyrir veitingu styrksins er að námið feli í sér nýbreytni og samstarf verði milli skólanna. Hinn styrkurinn er til að endurskoða sjálfsmatsaðferðir en Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum mun stýra verkefninu.

Langur aðdragandi hefur verið að Framhaldsskólabraut. Hópur nýnemakennara kom með tillögur 2009 og síðan var hópur sem hélt áfram að vinna með þær hugmyndir. Vandí MÍ felst í fækkun nemenda og eins og sakir standa höfum við ákveðið að bjóða upp á Almenna námsbraut næsta haust með sama sniði og venjulega því að annars erum við að grafa undna grunndeildunum starfsnáms en þangað hafa nemendur fengið að fara inn með undanþágur. Á haustönn 2011 hófst vinna samstarfshóps kennara VÍSASAUÐNESS skólanna að þróun á framhaldsskólabraut og sú vinna stendur enn yfir en fer þó brátt að ljúka.

Skólameistarar VÍSASAUÐNES skólanna og stjórnendur hafa haldið símafundi og skólameistarar funda einnig er þeir hittast í Reykjavík vegna annarra funda. Á þessum fundum hefur þróast víðtækt samstarf um marga þætti skólastarfsins.

Endurskoðun bóknámsbrauta er í svólítili biðstöðu. Sviðstjórar og kennarar unnu að nýjum og breyttum áherslum þar sem gert var ráð fyrir að námsbrautir gætu átt sameiginleg kjörsvið að hluta. Eftir fundahöld um bóknámsbrautir má segja að ný sýn hafi komið fram um gerð þeirra námsbrauta. Í kjölfarið voru kynntar hugmyndir um ný kjörsvið sem gætu verið sameiginleg á námsbrautum. Ákveðið var að vinna að markmiðum brauta og valpakka svo hægt væri að hefja lokavinnu við áfangana og varpa þeim yfir á þrepin. Þessar vinnu er ólökkið ennþá.

Verknámskennarar hafa sótt fundi ráðuneytis um nýjar áherslur í verk- og starfsnámi. Biðstaða er þó í námskráargerðinni því beðið er eftir tillögum frá starfsgreinaráðunum.

**KENNSLUHÆTTIR OG NÁMSMAT**

Unnið var áfram að þróunarvinnu um leiðsagnarmat sem hófst í janúar 2010. Almenn ánægja er með þessa þróunarvinnu sem felst í að breyta inntaki námsins í nemendamiðað nám í anda nýju laganna og er undanfari þess að meta vinnu í skóla, heimavinnu, vinnustaðavinnu og prófsvinnu sem F-einingar. Kennarar hittast regluleg til að bera saman bækur sínar og ræða um næstu skref. Sífellt fleiri kennarar taka þátt í þessu samstarfi. Innleiðing leiðsagnarmats hefur leitt til meiri samræðu milli kennara í ólíkum greinum og jafnhliða hafa kennsluáðferðir og námsmat fengið meri umræðu á kennarafundum en oft áður.

Sama dag og Kennarasamband Íslands og samninganefnd ríkisins skrifuðu undir kjarasamning sátu kennarar skólans daglangt og hlýddu á fyrirlestra og lögðu síðan á ráðin í vinnuhópum þar sem áherslan var á leiðsagnarmat og breytta kennsluhætti. Fyrirlesarar voru framhaldsskólakennararnir Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Berglind Axelsdóttir frá FSN í Grundarfirði og Ingólfur Gíslason stærðfræðikennari frá Reykjavík



Það vakti athygli fyrirlesara, hve kennarar MÍ voru áhugasamir og bjuggu yfir mikilli fagmennsku og sköpunargleði og hve mikil vinnugleði ríkti í hópnum eða eins og einn orðaði það „það vex eitt blóm fyrir vestan“. Skólinn stefnir að frekari áherslu á leiðsagnarmat og breytta kennsluhætti á næstu árum sem mun styrkja skólabrag MÍ enn frekar og stuðla að því að nemendur skólans fari hédan með enn betra veganesti út í lífið.

Í byrjun desember 2011 fékk skólinn til sín Hafþór Guðjónsson dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands til að halda námskeið um breytta kennsluhætti og námsmat. Mikill áhugi, eldmóður og kraftur ríkti meðal kennara skólans á námskeiðinu og hafði Hafþór á orði að hann skynjaði þennan kraft og góðan starfsanda við skólann. Í lok námskeiðsins var ákveðið að fá Hafþór fljótlega aftur og halda framhaldsnámskeið.

Gæði kennslu eru metin með kennslukönnun og var slík könnun síðast gerð í nóvember 2011. Einstaka kennarar leggja jafnframt sérstakar kennslukannanir fyrir sína nemendur. Í svörum nemenda kemur fram almenn ánægja með kennara skólans.

Þrátt fyrir mikið annríki í lok haustannar þá gáfu sviðstjórar skólans sér tíma með starfs- og námsráðgjöfum til að móta sérstaka umbótaáætlun fyrir vorönn 2012 með áherslu á kennsluhætti og námsmat með það að markmiði að auka gæði námsins og minnka brottfall. Umbótaáætlun vorannar 2012 er á heimasíðu skólans. Sérstök umbótaáætlun var unnin af sviðstjórum í desember 2011 til fyriragnar á kennarafundi í byrjun árs 2012. Í þeirri áætlun eru eftirfarandi áherslur og mat á því hvernig til tókst verður birt í næstu sjálfsmatsskýrslu.



## UMBÓTAÁÆTLUN VORANNAR 2012

1. Allir próflausir áfangar verði með lokamat inn á próftímanum. Prófstjóri mun þá setja skiladaga inn í próftöfluna eins og venjuleg lokapróf.
2. Önnin verði 3 námslotur og eftir fyrstu lotu fari fram formlegt mat sem nemendur og foreldrar fá á Innu (miðannarmat falli því niður eins og það er nú). Lotumat verði þannig tvisvar á starfstíma annar og eitt í lok hennar. Meðaltal þriggja lotumata verði lokamat. Lotubundið nám verði tekið upp, þar sem námsefni er afgreitt jafnóðum.
3. Auka vægi ástundunar í námsmati og það verði kallað kennaramat. Þarna verði rauði þráðurinn virkni nemenda í náminu; áherslan flutt af mætingunni.
4. Kennsluáætlanir, námsmat og marklistar verða útskýrðir í upphafi annar og annað slagið ef með þarf.
5. Ferliritun verði í ritgerðum og stærri verkefnum.
6. Búinn verði til sameiginlegur áfangi í Moodle þar sem kennarar geti unnið að þróun á leiðsagnarmatinu og þar fari fram formlegt mat á nýjum kennsluháttum. Þar verður lagður fram formlegur spurningalisti sem kanni þátttöku kennara í leiðsagnarmatinu og gefi stöðumat inn í sjálfsmatsskýrslu.
7. Moodle-námskeið verði haldið á vorönn til að vinna með skipulag áfanga og samskipti við nemendur.

## UPPLÝSINGATÆKNI

Nemendur nota annað hvort einkatölvur eða þeir fá fartölvur til afnota í kennslutímum. Í hverri stofu eru fartölvur til afnota fyrir þá nemendur sem það vilja. Þráðlaust tölvukerfi er um allan skólann og einnig á heimavist. Sífellt fleiri áfangar eru nú skipulagðir með hliðsjón af tölvustuddri kennslu með samskiptakerfi á netinu er nefnist Moodle. Nemendur og starfsmenn skólans geta komist inn á innra vef skólans og þar með öll gögn frá heimili sínu. Ráðuneytið hefur einnig styrkt verkefni sem tengist leit *Mí að stöðluðum og tilbúnum lausnum á borð við hýsingu tölvukerfa, gjaldfrjálsar vefþjónustur s.s. g-mail og möguleika Moodle til að leysa af hendi sem flest upplýsingatæknimál skólans*. Skýrsla um það verkefni verður birt á vef skólans á vorönn 2012.

## STAFRÆN SMÍÐJA – FAB-LAB

Ráðuneytið hefur samþykkt að sérstakur styrkur sem veittur var til skólans til efla námsframboð sitt yrði notaður til að greiða hlut í stofnkostnaði við FabLab smiðju sem mun verða opnuð haustið 2012. Frá hausti 2008 hefur skólinn unnið að uppbyggingu á nýsköpunarstofu í Menntaskólanum. Unnið er að þessu í samvinnu við Impru á Ísafirði sem er deild innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hugmyndin byggir á svokölluðu Fab Labs sem er alþjóðlegt net stafrænna smiðja sem ýta undir nýsköpun með því að veita einstaklingum aðgang að stafrænum framleiðslutólum.



Kynningar- og stofnfundur vegna uppsetningar stafrænnar smiðju á Ísafirði var haldinn í fyrirlestrasal í bóknámshúsi Menntaskólans á Ísafirði mánudaginn 28. febrúar 2011. Á þessum fundi var skipað í verkefnastjórn sem eru skipuð tveimur kennara skólans ásamt fimm fulltrúum sem koma frá Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Impru og 3X-Technology. Markmið með stofnun smiðjunnar er að auka þekkingu á persónumiðaðri framleiðslu, stafrænum framleiðsluáðferðum í iðnaði og að skapa vettvang fyrir nýsköpun. Markmið smiðjunnar eru enn fremur að efla samkeppnishæfni iðnaðarfyrirtækja, menntastofnana og nemenda.

Í lok ársins var ljóst að nægir styrkir hafa fengist til tækjakaupa og til reksturs stafrænnar smiðju og ekkert því til fyrirstöðu að starfssemin geti hafist við upphaf skólaársins 2012-13.

#### ERLEND SAMSKIPTI

Comenius. Síðan haustið 2004 hefur MÍ verið í samstarfi við St. Marie du Port í Les Sables d'Olonne á vesturströnd Frakklands. Um er að ræða nemendaskiptaverkefni þar sem nemendur beggja skólanna hafa skipst á heimsóknnum annað hvert ár, Frakkarnir koma til Ísafjarðar í október og Íslendingarnir fara utan í mars. Þetta hefur verið gert annað hvert ár allar götur síðan 2004 og er nú von á fimmtu heimsókn Frakkanna næstkomandi haust. Fyrstu þrjú skiptin sem nemendur MÍ fóru fékkst styrkur til fararinnar, fyrsta árið frá Comeniusi en næstu tvö fékkst styrkur frá Evrópu unga fólksins. Árið 2011 fékkst hins vegar enginn styrkur en var farið þrátt fyrir það, nemendur greiddu sjálfir fyrir ferðina en stóðu einnig í fjáröflun á eigin vegum. Nú er verið að undirbúa þetta 5. verkefni og er verið að leita að styrkjum m.a. hjá Evrópu unga fólksins. Alls hafa um 100 nemendur farið frá Menntaskólanum á Ísafirði í þessar ferðir frá upphafi.

Leonardo da Vinci. Í maí 2011 undirritaði MÍ og danskur verknámsskóli, EUC Lillebælt í Fredericia, samstarfssamning um nemendaskipti í verknámsgreinum. Fjórir nemendur í á lokaári í málmíðngreinum og vélvirkjun komu frá danska skólanum og dvöldu í skólanum í sex vikur á haustönn. Stefnt er að því að fjórir nemendur í málmsmíði í MÍ dvelji við EUC Lillebælt næsta haust.



Dönsku nemendurnir við reiðhjólstand sem þeir smíðuðu fyrir skólann

## ÖRYGGISMÁL

Öryggistrúnaðarmenn eru kosnir af starfsfólki, til tveggja ára í senn. Þeir fylgjast með því að hollustuhættir, aðbúnaður og öryggi sé í samræmi við vinnuverndarlög. Öryggisnefnd skipuleggur aðgerðir og fræðslu varðandi vinnuvernd. Í öryggisnefnd 2011-2012 eru fjórir starfsmenn skólans:

Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari

Margrét Skúladóttir, framhaldsskólakennari

Páll Gunnar Loftsson, húsvörður

Þröstur Jóhannesson, framhaldsskólakennari

Varamenn kennara:

Friðgerður Ómarsdóttir, framhaldsskólakennari,

Stella Hjaltadóttir, náms- og starfsráðgjafi

Á haustönn 2010 var Páll Gunnar Loftsson húsvörður skipaður öryggisvörður í stað Guðna Ásmundssonar sem lét þá af störfum sem húsvörður. Á vorönn 2011 tók Þröstur Jóhannesson við

starfi öryggistrúnaðarmanns í stað Guðmundar Þórs Kristjánssonar sem lést í lok árs 2010. Vegna fráfalls öryggistrúnaðarmanns fékk skólinn frest frá Vinnueftirliti Vestfjarða til að skila áhættumati og vinnur nú samkvæmt aðlöguðu eftirliti. Í maí sóttu öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður vinnuverndarnámskeið hjá Vinnueftirlitinu.

Þann 14. september kom Vinnueftirlitið ásamt umdæmisstjóra í sérstaka eftirlitsheimsókn og funduðu með öryggisnefnd. Niðurstaða heimsóknarinnar leiddi í ljós að skólinn var metinn í flokk 3 sem þýðir að:

1. Skipulag innra vinnuverndarstarfs hjá fyrirtækinu uppfyllir ekki lágmarksákvæði gildandi laga og reglna.
2. Skoðunarferð um vinnustaðinn leiddi í ljós að vinnuaðstæður uppfylla í meginatriðum ákvæði gildandi laga og reglna.

Í kjölfarið var ákveðið að öryggisnefnd ynni að gerð áhættumats og gerð öryggishandbókar sem yrði lokið um miðjan mars á næsta ári. Öryggisnefndin hélt tvo fundi á haustönn þar sem farið var yfir athugasemdir um öryggismál frá vinnueftirliti og áætlun gerð um úrbætur. Úrbætur voru unnar í samráði við starfsmenn þar sem við átti. Öryggishandbók skólans verður vistuð á heimasíðu skólans og kynnt starfsmönnum á starfsmannafundi í upphafi næsta skólaárs.

Vinnuaðstaða starfsmanna var rædd í starfsmannaviðtölum á vorönn 2011. Sjúkraþjálfari var fenginn til að taka út vinnuaðstöðu starfsmanna við upphaf haustannar. Niðurstaða úttektar leiddi í ljós að vinnuaðstaðan væri mjög góð en þörf væri á að endurnýja nokkra skrifborðsstóla og æskilegt væri fá skjá ávinnuborð fyrir kennara sem þeir geta tengt við fartölvur.

## FJÁRMÁL OG REKSTUR

Halli var á rekstri skólans á árinu 2011 sem nam 7 m.kr. Þetta er reyndar betri árangur en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir því reiknað hafði verið með allt að 14 m.kr. tapi á árinu vegna mikils samdráttar fjárheimilda. Uppsafnaður afgangur frá fyrri árum var engu að síður um 9 m.kr í lok ársins. Þar við bætist að 9 m.kr. voru gjaldfærðar sem tilfærslufé til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands vegna Fab-Lab verkefnis en á árinu 2012 munu hinsvegar koma styrkir á móti til skólans upp á sömu fjárhæð.

Aðhaldssöm fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 var send menntamálaráðuneytinu í nóvember 2011 en tekin til endurskoðunar í febrúar 2012 í samráði við ráðuneytið. Ljóst er að uppsafnaður afgangur verður upp étinn á árinu og stefnir jafnvel í 2% halla.

Á undaförnum árum hefur fjárframlag til skólans verið miðað við svokallað nemendagólf. Í fyrstu var það 320 nemendur en hefur nú verið lækkað í 290 ársnemendur. Ljóst er að sú lækkun er meiri en skólinn ræður við ef hann á að halda áfram að vera samfélaginu sú menntastofnun sem þörf er á.

Tafla 5. Rekstraráætl

Helstu liðir	Raun	Áætlun	
	2011	2012	
<b>08 Aðrar rekstrartekjur</b>	-4.168.270	-3.406.450	
<b>08 Markaðar tekjur</b>	0	0	
<b>08 Sértekjur</b>	-23.265.107	-25.681.464	
<b>Tekjur alls</b>	-27.433.377	-29.087.914	
<b>01 Laun</b>	197.422.099	195.882.743	
<b>02 Ferðir og fundir</b>	2.584.121	3.597.433	
<b>03 Rekstrarvörur</b>	9.743.370	8.687.381	
<b>04 Aðkeypt þjónusta</b>	29.616.748	28.077.187	
<b>05 Húsnæði</b>	57.235.587	59.447.522	
<b>06 Bifreiðar og vélar</b>	260.598	248.301	
<b>07 Rekstrarkostnaður</b>	11.595.095	840.486	
<b>Rekstrarkostnaður</b>	308.457.618	296.781.053	
Til ráðstöfunar skv. fjárlögum	258.900.000	249.300.000	
Til ráðstöfunar frá fyrra ári	15.883.966	8.070.530	
annað	14.310.805	8.100.000	
<b>Fjárheimildir alls</b>	289.094.771	265.470.530	
<b>Rekstrarafk. innan ársins</b>	-7.813.436	-10.293.139	<b>-4,0%</b>
<b>Rekstrarafgangur</b>	8.070.530	<b>-2.222.609</b>	<b>-0,8%</b>
	Afgangur	Halli	

## SAMDRÁTTUR Í FJÁRHEIMILDUM

Fjárheimildir til skólans hafa lækkað frá 2007 um 24% að raungildi. Stöðugildi hafa því verið skorin niður um 19,5% frá 2007 og 12,4% frá haustönn 2008. Á haustönn 2012 er ætlunin að fara af stað með framhaldsskólabraut og bjóða upp á nýsköpunaráfanga sem mun væntanlega auka kennslumagnið lítillega í verknámi. Ekki er hægt að draga úr framboði bóknámsgreina frekar, en haldið verður áfram að hagræða í hópa eins og kostur er.

Tafla 1. Þróun fjárheimilda og helstu kennitölur í rekstri skólans frá 2004.

Ár	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
<b>Fjárheimild Mkr</b>	190	207	213	248	247	273	282	273	270
<b>Br. frá fyrra ári, lr. m.v. verðlag</b>		4,8%	3,3%	10,7%	-9,7%	-2,6%	2,8%	6,5%	4,6%
<b>2007 sem 100, verðleiðrétt</b>	89	92	91	100	90	88	85	80	76
<b>Afgangur / halli Mkr</b>	5	-12	-18	17	-14	32	9	-7	-14
<b>Hlutfall af fjárheimild ársins</b>	2,6%	5,8%	8,5%	6,9%	-5,7%	11,7%	3,2%	2,6%	5,1%
<b>Ársmemendur eftir töflubreytingar úr INNU</b>	322	324	276	277	278	284	268	269	280
<b>Reikn. ársnemendur úr INNU</b>	278	297	259	244	242	259	250	248	258
<b>Brottfall miðað við dagskólanema</b>	13,4%	8,3%	6,2%	11,9%	10,2%	8,6%	8,3%	7,7%	8,0%
<b>Ársmemendur í fjárlögum</b>	237	280	320	321	320	320	308	290	290
<b>Reikn. ársn. - ársn. í fjárl.</b>	-41	-17	61	77	78	61	58	42	32
<b>Kennslustundir/viku án starfsbrauta</b>	622	655	630	585	567	510	509	505	512
<b>Stöðugildi</b>	41	43	39	39	40	37	35	34	33

1) Starfsbrautarnemendur eru ekki taldir hér með í ársnemendatölum enda er mjög breytilegt hvers konar þjónustu þessir nemendur fá.

Íþróttakennari sem er í 100% stöðu hefur tilkynnt að hann muni hætta vegna aldurs á haustönn 2012 en í hans stað er gert ráð fyrir 50% stöðu íþróttakennara.

Í innsendri rekstraráætlun í nóvember var gert ráð fyrir 3,5 m.kr. veikindalaunakostnaði. Reynsla fyrri ára sýnir að þetta er nauðsynlegt. Í endurskoðaðri áætlun hefur þessu hinsvegar verið breytt og talan lækkuð niður í kr. 800.000. Þetta eykur hinsvegar hættuna á að áætlunin standist ekki.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum hópi sjúkraliðanema á haustönn 2012. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að B-nám vélstjórnar verði ekki í boði næsta haust en það mun fækka ársnemendum um 5. Ástæðan fyrir þessu er að þessi ákvörðun kallar ekki á uppsögn kennara.

FRAMTÍÐARHORFUR

Í samdrætti undanfarinna ára hefur Menntaskólinn á Ísafirði dregið svo mjög úr fjölda kenndra áfanga að nemendur sækja sér kennslu annað með fjarnámi í meiri mæli en æskilegt væri. Þetta leiðir svo aftur til aukins kostnaðar fyrir nemendur. Ef lengra verður gengið er hætt við að skólinn missi eitthvað af aðdráttarafli sínu í ljósi takmörkunar á námsframboði.

Það er skoðun skólastjórnenda að taka þurfi til endurskoðunar fjárheimildaúthlutun á grundvelli nemendagólfs sem nú hefur verið lækkað í 290 nemendur.

Samfélagið á norðanverðum Vestfjörðum þarfnast þess að hér verði áfram rekinn öflugur framhaldsskóli sem mætir þörfum nær allra nemenda úr nágrenni hans.

Menntaskólanum á Ísafirði, 23. mars 2012

Jón Reynir Sigurvinsson

skólameistari